

Passau og pílagramaganga við Salzburg

göngu- og borgaskoðunarferð | 10 dagar - 9 nætur | 17. – 26. maí 2023



Fararstjóri: Margrét Steinunn Guðjónsdóttir

Sagt hefur verið að vegir Guðs séu órannsakanlegir, en margir af hans helstu fulltrúum hér á jörðu hafa víða farið í hans nafni, og einn af þeim er **heilagur Jakob** sem gekk þvers og kruss í Evrópu og vinsælt hefur verið á öllum tímum að feta í fótspor hans. Ein af leiðum Jakobs er um og í nágrenni við Salzburg og yfir til Tíról og eftir henni verður gengið í þessari ferð. Leiðin liggur um fallett landslag Salzburg, Bæjarlands, Tíról og Alpanna á malbikuðum stéttum, skógarstígum og léttum fjallaslóðum.

Þetta eru léttar til miðlungs erfiðar fimm dagleiðir með lítilli hækkun, en heildar vegalengdin er samt upp á nærri 95 km!

Ef einhver þarf á að halda er sumsstaðar hægt að stytta dagleiðir með því að notast við almenningssamgöngur á svæðinu. **Leiðin sjálf** er markmiðið, og þar sem þetta er á pílagramaslóðum verður kíkt í kirkjur og stoppað við bænastaði þar sem slíkt er á leiðinni, og svo náttúrulega notið bæði landslags og félagskapar.

Tekinn verður einn aukadagur í Salzburg og farið í gönguferð í leiðsögn heimamanns um helstu söguslóðir þessarar miklu menningarborgar – borgar Mozarts og Söngvaseiðs!

Í lok ferðar verður dvalið í tvo daga í lítilli en snoturri borg, Passau í Þýskalandi, sem stendur á bökkum þriggja fljóta; Dónár, Inn og Ilz.



1



Farangur verður trússaður á milli gististaðanna, sem eru hótél og/eða gistihús en gengið með léttan bakpoka/mittistösku fyrir nauðsynjar dagsins.

Morgunverðir á gististöðunum, en miðdegishressing eftir aðstæðum hverju sinni og kvöldverðir á á hótelnunum eða á veitingastöðum í nágrenni þeirra.

Margrét fararstjóri er útskrifaður leiðsögumaður og djákni, og hefur stundað göngur og útivist allt sitt líf.

Lágmarks fjöldi 8 manns, hámark 15.

Ferðaráætlun:

Dagur 1 – miðvikudagur, 17. maí

Flogið til Munchen

Flogið með Icelandair til Munchen og við tekur u.þ.b. 3 klukkutíma akstur austur yfir landamæri og til Austurríkis, inn á fyrsta gististað ferðarinnar í nágrenni Irrsee vatnsins, skammt norðaustur af Salzburg.

Dagur 2 – fimmtudagur, 18. maí – göngudagur 1

Eugendorf – Salzburg

Gengið í áttina að Salzburg og í fjarska sér til fjallanna sem farið verður hjá á næstu dögum. Komið inn til borgarinnar síðdegis.

Ganga dagsins u.þ.b. 4 klst. | u.þ.b. 13 km | ↑ 130 m ↓ 250 m

Dagur 3 – föstudagur, 19. maí

Dagur í Salzburg

Salzburg er lítil en mjög falleg borg sem gaman er að skoða, og fyrir hádegði verður farið í skipulagða gönguferð um miðbæinn í leiðsögn staðkunnugs heimamanns. Allan seinnipartinn verður frjáls tími til þess að ganga upp að kastalanum sem gnæfir yfir borginni, kíkja í búðarglugga, kaupa ósviknar Mozart kúlur, eða bara fylgjast með mannlífinu á strætunum.

Dagur 4 – laugardagur, 20. maí – göngudagur 2

Salzburg – Bad Reichenhall

Gengið í gegnum borgina í áttina að Untersberg fjallinu. Við Marzoll höllina verður farið yfir landamærin að Þýskalandi og gengið um sveitir Rupertwinkl héraðsins. Deginum lýkur í fallega saltnámubænum Bad Reichenhall.

Ganga dagsins u.þ.b. 5,5 klst. | u.þ.b. 17 km | ↑ 190 m ↓ 140 m

Dagur 5 – sunnudagur, 21. maí – göngudagur 3

Bad Reichenhall - Unken

Nú verður gengið meðfram Saalach ánni, framhjá samnefndu stöðuvatni, og áfram suðuryfir landamærin og inn í Salzburg héraðið aftur. Á leiðinni er farið um mjög fallegt landslag Saalach dalsins, en um leið með glæsilega fjallasýn í bakgrunni.

Ganga dagsins u.þ.b. 5,5 klst. | u.þ.b. 18 km | ↑ 180 m ↓ 140 m

Dagur 6 – mánudagur, 22. maí – göngudagur 4

Unken - Waidring

Gengið áfram upp með Saalach ánni uns dalurinn víkkar umhverfis fallega þorpið Lofer, sem friðsælt kúrir undir tignarlegum Loferer Steinberge fjallshryggnum. Umkringd allri þessari fegurð verður gengið áfram upp í Strub skarðið sem skilur á milli Salzburg héraðsins og Tíról, og þaðan farið niður til Waidring þorpsins.

Ganga dagsins u.þ.b. 6 klst. | u.þ.b. 21 km | ↑ 380 m ↓ 160 m



Dagur 7 – þriðudagur, 23. maí – göngudagur 5

Waidring – St. Johann í Tíról

Til að byrja með verður gengið beint í suður, inn í Pillersee dalinn sem, eins og nafnið bendir til, skartar Piller vatninu, og verður eins og punkturinn yfir i-ið í þessum fallega dal, umkringdum tignarlegum fjallasal. Við suðurenda vatnsins er þorpið St. Jakob in Haus og kirkjan þar er tileinkuð heilögum Jakobi.

Þaðan er svo lokakaflinn vestur til bæjarins St. Johann í Tíról, sem kenndur er við Jóhannes guðspjallamann, en þar líkur þessari gönguferð.

Ganga dagsins u.þ.b. 6,5 klst. | 26 km | ↑ 320 m ↓ 450 m

Dagur 8 – miðvikudagur, 24. maí

Yfir til Passau

Fljótlega eftir morgunverðinn verður lagt af stað með bíl yfir til Passau, sem er lítil og snotur borg, austast í Bæjaralandi. Eftir innritun á hótelið verður farið í gönguferð um næsta nágrenni hótelsins og ýmislegt áhugavert skoðað.

Dagur 9 – fimmtudagur, 25. maí




Passau og nágrenni






Það er margt að sjá í Passau, borg hinna þriggja fljóta, og á dagskrá verður að fara á hádegistónleika í kirkju heilags Stefáns, en hún er dómkirkja svæðisins og stærsta katólska kirkja norðan Alpafjallanna – og ekki nóg með það, heldur er í henni stærsta kirkjupípuorgel heims! Einnig verður farið í uþb. 2 klst. siglingu á Dóná og einnig í gönguferð um elsta hluta borgarinnar.

Dagur 10 – föstudagur, 26. maí

Heim á leið ...

Fyrsti hluti heimferðarinnar verðu með lest yfir til flugvallarins í Munchen og flugið þaðan er kl. 14:05





Þjónusta & verð

Innifalið í verði ferðar	Flug	17.05.2023: Flug FI 532 Keflavík – Munchen, brottför 07:20 landing 13:05 26.05.2023: Flug FI 533 Munchen – Keflavík, brottför 14:05 landing 16:00 Vinsaml. athugið að flugtímar geta breyst.	
	Gisting	Samtals 9 nætur - 7 nætur á hótélum og gistihúsum í takt við áætlun gönguhluta ferðarinnar, þar af ein aukanoft í Salzburg – 2 nætur á hóteli í Passau	
	Matur	Morgunverðir	Innifaldir alla dagana
		Kvöldverðir	Innifaldir tveir kvöldverðir (í Eugendorf og Unken)
	Ferðir og akstur	Rúta milli Munchen og Eugendorf í upphafi ferðar // rúta milli St. Johann og Passau // lestarferð milli Passau og Munchen í lok ferðar	
	Annað	Gönguferð með leiðsögn heimamanns í Salzburg // upb. 2 klst. sigling á Dóná	
	Fararstjórn	Margrét Steinunn Guðjónsdóttir	
Ekki innifalið:	7 kvöldverðir // Aðgangseyrir á söfn o.þ.h. // Annað það sem ekki er talið upp í „innifalið”		
Verð:	Verð á mann í tveggja manna herbergi	369.900,- staðgreitt	
	Verð á mann í eins manns herbergi	399.900,- staðgreitt	
Greiðslur og gjalddagar:	Staðfestingargjald: Staðfestingargjald ISK 100.000 þarf að greiða við pöntun. Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt ef til afbókunar af hálfu viðskiptavinar kemur.	Lokagreiðsla: Til að staðgreiðsluverð gildi þarf að greiða ferð að fullu í síðasta lagi 15. mars 2023, annars hækkar verð um 5%.	
Ábendingar: Lágmarks þátttaka er 8 manns. Ferðaskrifstofan Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferð sex vikum fyrir brottför ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu. Fjallakofinn – Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til. Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd. Krafa er gerð um að þátttakendur séu í líkamlegu og andlegu standi til þess að taka þátt í dagskrá ferðarinnar og ferðaskrifstofan áskilur sér og fararstjórum allan rétt til þess að vísa þátttakendum sem ekki uppfylla þessi skilyrði úr ferðinni, og er viðkomandi þar með búinn að fyrirgera rétti sínum til notkunar á þjónustu þeirri sem ferðin er byggð á og án þess að til greiðslu kostnaðar eða endurgreiðslu komi af hálfu ferðaskrifstofunnar. Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar			

Ábendingar:

Lágmarks þátttaka er 8 manns. Ferðaskrifstofan Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferð sex vikum fyrir brottför ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu.

Fjallakofinn – Ævintýraferðir / Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórar hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlunum ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til.

Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og er viðskiptavinum bent á að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd.

Krafa er gerð um að þátttakendur séu í líkamlegu og andlegu standi til þess að taka þátt í dagskrá ferðarinnar og ferðaskrifstofan áskilur sér og fararstjórum allan rétt til þess að vísa þátttakendum sem ekki uppfylla þessi skilyrði úr ferðinni, og er viðkomandi þar með búinn að fyrirgera rétti sínum til notkunar á þjónustu þeirri sem ferðin er byggð á og án þess að til greiðslu kostnaðar eða endurgreiðslu komi af hálfu ferðaskrifstofunnar.

Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: <http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar>



Frekari upplýsingar fást með því að senda fyrirspurn á ferdir@fjallakofinn.is og skráning þar í gegn eða á heimasíðunni okkar:
<https://ferdir.fjallakofinn.is/is/product/passau-og-pilagrimaganga-vid-salzburg>

Farþegar í ferðum Íslandsvina fá sérkjör í útivistarvöruversluninni **Fjallakofinn**

